

Fólk á flóttu



Efnisyfirlit

Hvað er í fréttum?	2
Flóttafólk	4
Hvaðan kemur flóttafólk og hvert fer það?	5
Hvernig flýr flóttafólk?	6
Hvað tekur fólk með sér?	7
Lífið í flóttamannabúðum	8
Sýrland fyrr og nú	10
Upphaf borgarastyrjaldar í Sýrlandi	12
Flóttinn frá Sýrlandi	14
Upphaf ferðalags til Tyrklands	18
Vandamál á Grikklandi	22
Nýtt líf á Íslandi	28
Flóttafólk á Íslandi	31
Móttaka kvótaflóttafólks á Íslandi	32

Fólk á flóttu

ISBN: 978-9979-0-2315-9

© 2018 Pálína Þorsteinsdóttir, Flóttinn frá Sýrlandi.

© 2018 Úlfhildur Ólafsdóttir vann skýringartexta og verkefni.

© 2018 Teikningar: Karl Jóhann Jónsson.

Ritstjórn: Elín Lilja Jónasdóttir, Ingólfur Steinsson og Sigrún Sóley Jökulsdóttir.

1. útgáfa 2018

Menntamálastofnun

Kópavogur

Umbrot og útlit: Menntamálastofnun

Prentun: Prentækni ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Réttihafar ljósmynda og annars myndefnis eru tilgreindir í myndaskrá aftast í bókinni.

Fólk á flóttu



Pálína Þorsteinsdóttir, höfundur sögunnar *Flóttinn frá Sýrlandi*.
Úlfhildur Ólafsdóttir vann aðra texta og verkefni.

Teiknari Karl Jóhann Jónsson

HVAÐ ER Í FRÉTTUM?



Fjölskyldu Hasans var bjargað úr Miðjarðarhafi

Um 2000 manns hefur verið bjargað

26. ágúst 2016

„Ég var ofsóttur, fangelsaður og laminn. Það var ekkert annað í stöðunni en að flýja.“ Þetta segir Hasan Al-Baba, 27 ára Sýrlendingur sem var bjargað úr sjávarhásku í síðustu viku. Það var áhöfn björgunarskipsins Responder sem kom Hasan og fjölskyldu hans til bjargar.

Hasan samdi um ferð fyrir sig og fjölskyldu sína frá Líbíu til Ítalíu. Þegar hann sá bátinn sem átti að fara með þau yfir Miðjarðarhafið neitaði hann

hins vegar að stíga um borð. „Sömu menn og ég samdi við miðuðu þá byssu á mig, ég og fjölskylda mín fengjum kúlu í höfuðið – færur við ekki með bátnum.“

Báturinn var því næst fylltur af fólki, hátt í 30 manns. Hasan segir að „skipstjórinn“ hafi ekki haft nokkra reynslu en eina ráðgjöfin sem hann fékk fyrir brottför var að elta pólstjörnuna.

Ekki leið á löngu uns báturinn byrjaði að fyllast af vatni. Honum hvolfdi að lokum.

Hasan og Aisha kona hans notuðu alla sína krafta til að halda börnum sínum tveimur á floti. Dóttir þeirra, Osaida, er fimm ára og stóð sig eins og hetja. Sonurinn Sika er aðeins 6 mánaða. En þeim tókst ætlunarverkið. Þau voru heppin. Ítalskur fiskveiðibátur kom auga á fólkið og hífði þau um borð og kallaði á hjálp. Hópurinn var upphaflega 28, nú voru 22 eftir. Responder, björgunarskip Rauða krossins, kom skömmu síðar og tók fólkið um borð.



Áhöfnin á varðskipinu Tý

bjargar 342 flóttamönnum af lekum trébát norðvestur af Trípólí

13. apríl 2015

Varðskipið Týr bjargaði í dag 342 flóttamönnum af litlum trébát um 50 sjómílar norðvestur af Trípólí en mikill leki var kominn að bátnum. Fjöldi kvenna og barna er í þessum hópi eða alls 135 konur og 27 börn. Nokkrar kvennanna eru barnshafandi. Veður á vettvangi var þökkalegt og gengu björgunaraðgerðir vel fyrir sig.

Er áhöfn Týs hafði lokið við að koma öllum flóttamönnum um borð í Tý hélt varðskipið rakleiðis að öðrum báti með um 200 flóttamenn um borð og aðstoðaði við að koma þeim um borð í annað skip sem

var á staðnum. Að því loknu hélt Týr með flóttamennina 342 til hafnar á Ítalíu. Gríðarlegur straumur flóttafólks er nú á þessu svæði og hefur á þriðja þúsund manns verið bjargað þar á síðustu dögum.

Umræður og verkefni

1. Skoðið saman fréttirnar á opnunni. Um hvað fjalla þær?
2. Skoðið á korti hvaða leið Hasan og fjölskylda fór á flóttu sínum.
3. Finnið fleiri fréttir um flóttafólk í blöðum eða á netinu. Um hvað fjallar fréttin? Af hverju er fólk á flóttu? Hvaðan er fólk að flýja og hvert vill það komast?
4. Hvað má lesa úr andlitum fólksins í þeim fréttum sem þið funduð? Hvers konar tilfinningar ætli bærast innra með fólkinu? Hvernig myndi ykkur líða í þessum aðstæðum? Hvað ætli sé framundan hjá flóttafólkinu?

Flóttafólk

Margt veldur því að fólk leggur á flóttu að heiman frá sér. Sumir flýja hungur og matarskort, aðrir flýja stríðsátök. Sumt fólk er ofsótt af yfirvöldum eða öðrum og flýr þess vegna. Í þeim löndum sem fólk flýr frá er oft lítið lýðræði, mannréttindi brotin, atvinnuleysi og skortur mikill. Draumurinn um betra líf á nýjum

stað er sterkur í hugum margra. Á stað þar sem hægt er að lifa í friði og njóta grundvallar mannréttinda. Stað sem býður upp á vinnu og húsnæði, þar sem hægt er að lifa án hins stöðuga ótta sem fylgir vopnuðum átökum og matarskorti. Hver maður sem er ofsóttur í sínu heimalandi á rétt á að flýja og fá vernd í öðru landi.



Sýrlensk kona með tvö ung börn í flóttamannabúðum í Tyrklandi.

Hvaðan kemur flóttafólk og hvert fer það?



Flóttamannabúðir í Tyrklandi.

Meira en 65 milljónir manna eru á flóttu í heiminum í dag. Margir flýja Miðausturlönd og Afríku. Flestir flóttamenn koma frá Sírlandi, Írak, Afganistan og Suður-Súdan. Yfirleitt flýr fólk til nágrannalanda sinna. Einhver hluti reynir að komast til annarra heimsálfa, eins og Evrópu. Þar hafa tæplega milljón Sírlendingar sótt um hæli síðan borgarastyrjöldin hófst 2011. Meirihluti þeirra hefur komið í gegnum Grikkland, Ítalíu og Spán. Samkvæmt reglum Evrópusambandsins skal það land sem flóttamaður kemur fyrst til, taka ábyrgð á honum. Þess vegna eru flestir flóttamenn í þessum þrem löndum.

Umræður og verkefni

1. Nefnið dæmi um það sem flóttafólk er að flýja.
2. Hvað felst í mannréttindum að ykkar mati?
3. Í hvers konar samfélagi haldið þið að flóttafólk vilji búa?
4. Finnið á landakorti þau lönd sem flest flóttafólk kemur frá. Skoðið einnig þau þrjú lönd sem taka á móti flestum flóttamönnum og reynið að ímynda ykkur leiðina sem fólknið þarf að fara.

Hvernig flýr flóttafólk?

Flóttafólk fer yfirleitt land- eða sjóleiðina á ferðalagi sínu. Fáir fara með flugi því það þarf vegabréfsáritun til Evrópu og hana fær fólkíð sjaldnast vegna uppruna síns. Flestir fara bæði yfir land og sjó. Fólk gengur eða fer með lestum, bílum og rútum. Þeir sem fara sjóleiðina verða oft að sætta sig við illa

útbúna báta. Margir sigla þannig yfir Miðjarðarhafið frá Afríku til Evrópu. Siglingin getur tekið marga daga og er mjög hættuleg. Margir deyja á þessari leið. En þeir sem eiga enga von heima fyrir leggja jafnvel lífið að veði fyrir betri framtíð í öðru landi.



Kona frá Sýrlandi með farangur á höfðinu við tyrknesku landamærin.

Hvað tekur fólk með sér?



ÁTAKASVÆÐI
 Átakasvæði eru staðir þar sem barist er og stríð ríkir.

Sýrlenskir flóttamenn í Grikklandi bíða myrkurs við landamæri Makedóníu.

Þegar fólk leggur á flóttu frá átakasvæði er yfirleitt ekki mikill tími til þess að hugsa um hvað eigi að taka með sér. Oftast er fólk með lítinn farangur, aðeins það helsta er tekið með. Margir búast við að geta komið aftur heim til sín. Margt flóttafólk frá Palestínu, sem þurfti að flýja frá heimilum sínum árið 1948 þegar Ísraelsríki var stofnað, er til dæmis enn með lyklna að húsunum sínum, það trúir alltaf að

það muni snúa aftur. Í dag eru snjallsímar mikilvægir fyrir flóttafólk því þeir hjálpa því að rata á leiðinni og að halda sambandi við ástvini sína. Flóttafólk reynir að taka með sér skilríki eins og vegabréf, fæðingarvottorð, giftingarvottorð og háskólaskírteini. En fólk á þessi gögn ekki alltaf til og getur átt erfitt með að nálgast þau áður en lagt er á flóttann.

Lífið í flóttamannabúðum



Börn að leik í flóttamannabúðum í Tyrklandi.


Þeir flóttamenn sem flýja heimalönd sín þurfa oft að búa í flóttamannabúðum í nokkra mánuði eða jafnvel í mörg ár. Þetta á t.d. við um flóttamenn frá Sýrlandi sem flúið hafa til nágrannalanda eins og Tyrklands, Líbanons, Jórdaníu, Íraks og Egyptalands. En flóttamannabúðir eru einnig víða í Evrópu, t.d. í Þýskalandi, Frakklandi og á grísku eyjunum Kos og Lesbos. Í raun eru búðir flóttamanna eins og bær með

ákveðnu skipulagi en oft ríkir þar mikil ringulreið. Það getur verið mjög erfitt og hættulegt að dvelja í þessum búðum. Á veturna er oft mjög kalt og glæpir eru algengir. Til dæmis hefur verið kveikt í flóttamannabúðum á grísku eyjunum og ráðist inn í þær. Hjálparsamtök og sjálfbóðaliðar reyna þó eftir fremsta megni að halda uppi stöðugleika og aðstoða við að byggja upp samfélag með skóla og heilsugæslu.



Umræður og verkefni

1. Fjölskylda ykkar neyðist til að yfirgefa heimalandið þegar í stað. Það er enginn tími til að kveðja vini eða fjölskyldu. Hvert mynduð þið fara? Þið hafið fimm mínútur til að pakka 15 hlutum til að taka með. Hvað takið þið með?
2. Sumir lifa í flóttamannabúðum í mörg ár. Kynnið ykkur hvernig lífið gengur fyrir sig hjá fjölskyldum sem búa í flóttamannabúðum.



Sýrland fyrr og nú

Saga Sýrlands er ein lengsta skráða saga landa heims og höfuðborgin Damaskus ein elsta borg í heimi, sem hefur verið í samfelldri byggð frá upphafi. Vegna hernaðarlega mikilvægrar legu landsins á krossgötum margra menningarheima hefur Sýrland oft orðið fyrir innrásum.

Aleppo hefur stundum verið list sem einni fegurstu borg Miðausturlanda. Mikilvægi borg-

arinnar fyrr á öldum var ekki síst fólgið í staðsetningu hennar en borgin var viðkomustaður verslunar milli Evrópu og Asíu. Þrátt fyrir að ekki sé vitað nákvæmlega hversu gömul borgin er þá er hún talin ein af elstu borgum heims. Gamli borgarhluti Aleppo er á heimsminjaskrá UNESCO. Í borginni bjuggu um tvær milljónir manna þegar stríðið hófst.



Baráttan um Aleppo leiddi til mikillar eyðileggingar. Fornar byggingar og heilu íbúðahverfin voru lögð í rúst og stór hluti íbúanna lagði á flóttu.

Fyrir borgarastyrjöldina var Aleppo þekkt fyrir fjölmenni á götum og líflega markaði. Einnig fyrir framleiðslu sína á lyfjum, vefnaðarvöru og sápu gerða úr ólífuoilíu. Lengi vel eftir að borgarastyrjöldin hófst í Sýrlandi slapp Aleppo við átök en árið 2012 breyttist ástandið og stríðið tók að færast til borgarinnar. Orrustan um Aleppo stóð í tæplega fjögur og hálf ár. Þegar henni lauk árið 2016 voru stórir hlutar borgarinnar, í rúst.

UNESCO

Ef staður er á heimsminjaskrá UNESCO er hann talinn sérstaklega merkilegur frá menningarlegu og/eða náttúrufræðilegu sjónarmiði og talinn hluti af menningararfi mannkyns.

Upphaf borgarastyrjaldar í Sýrlandi



Borgarastyrjöld

Borgarastyrjöld er stríðs-
ástand innan ákveðins lands.
T.d. þegar ákveðnir hópar eru
ekki sáttir við stjórnun landsins
og rísa upp gegn þeim
sem stjórna.

Sýrlenskt flóttafólk með töskur sínar við landamæri Tyrklands.

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi hófst snemma árs 2011. Í landinu var andstaða við Assad forseta sem er Assad forseta sem er alavíti en það er fámennur trúarhópur sem tilheyrir shía múslimum en þeir hafa lengi ráðið í Sýrlandi. Meirihluti múslima í landinu er hins vegar súnní og andstaðan við stjórnvöld kom að miklu leyti frá þeim. Í apríl 2011 brutust út mótmæli sem rekja má til „arabíska vorsins“ þegar almenningur í Miðausturlöndum krafðist aukins lýðræðis, mannréttinda og betri lífskjara. Stjórnvöld svöruðu með því að beita miklu hervaldi. Í kjölfarið hófust átök sem hördnuðu er leið á sumarið og fólk flúði til nágrennlanda.

Vorið 2012 voru flóttamannabúðir í Írak opnaðar fyrir Sýrlendinga. Þá um sumarið hófust miklir bardagar í borginni Aleppo og Flóttamannahjálpi Sameinuðu þjóðanna opnaði flóttamannabúðir í Jórdaníu fyrir Sýrlendinga. Um vorið 2013 voru sýrlenskir flóttamenn orðnir ein milljón og Evrópulönd fóru að taka á móti flóttafólki frá landinu haustið 2013. Í september 2015 hófu Rússar hernaðarstuðning við sýrlensku stjórnina. Það sneri taflinu henni í hag. En milljónir Sýrlendinga eru á flóttu, ýmist í eigin landi, nágrennlandum eða í öðrum heimsálfum.

Umræður og verkefni

1. Finnið Sýrland á korti og skoðið í hvaða heimsálfu það er og hvaða lönd liggja að því.
2. Aleppo er á heimsminjaskrá UNESCO. Finnið fleiri staði í heiminum sem eru á heimsminjaskrá. Veljið einn stað og kynnið ykkur hvað það er sem gerir hann einstakan.
3. Árið 2010 hófust mikil mótmæli og stríðsástand ríkti víða í löndum í norðanverðri Afríku og í Miðausturlöndum. Þetta ástand hefur verið kallað „arabíska vorið“. Aflið upplýsinga um þetta og kynnið ykkur ástæður og afleiðingar mótmællanna.

Shía/súnní

Múslimar skiptust í tvær fylkingar þegar þeir deildu um hver ætti að verða eftirmaður spámansins Múhameðs. Súnní múslimar eru langfjölmennastir, 940 milljónir en fjöldi shía múslima er áætlaður um 120 milljónir.

Flóttinn frá Sýrlandi

Höfundur:
Pálína Þorsteinsdóttir



Ég heiti Amira, ég er 10 ára. Ég á yngri systur sem heitir Hanan og mömmu og pabba. Við áttum heima í borginni Aleppo í Sýrlandi þar sem ég er fædd og uppalin.

Þegar ég var lítil var Aleppo friðsæl og góð borg en nú eru þar breyttir tímar. Í dag er stríð í landinu og Sýrlendingar flýja burt til að eiga meiri möguleika á að lifa af.

Þegar ég var 8 ára fór ég að verða vör við breytingar á því sem mér fannst vera áhyggjulaust og notalegt líf í Aleppo. Stríðið hafði reyndar geisað í nokkur ár en það hafði ekki haft bein áhrif á okkur fjölskylduna.

Í Aleppo snerist lífið um að eyða deginum með mömmu og systur minni, heima hjá Jidd Söru (sem þýðir amma Sara). Aðrar konur í ættinni og krakkar þeirra komu þangað líka. Fullorðnu konurnar sátu og spjölluðu, elduðu og þrjónuðu.

Við krakkarnir lékum okkur, ýmist inni eða úti. Á sumrin lékum við oft inni, allavega svona yfir miðjan daginn, því það var of heitt til að leika úti. Eldri börnin pössuðu þau yngri, amma Sara og afi Said áttu heima rétt við leiksvæði og því lékum við okkur oft þar.



Pabbi fór á hverjum degi niður á höfn að vinna. Þar hittu hann sjómenn sem fluttu inn vörur til landsins. Hans vinna var að kaupa af þeim vörur og selja þær svo í bænum.

Svo kom að því að líf mitt eins og ég þekkti það breyttist. Hermenn voru þá úti um allt í borginni með stórar og ógnvekjandi byssur. Þeir voru ekki vingjarnlegir á svipinn og kölluðu oft blótsyrði og skammir að fólki. Einstaka sinnum sáum við hermenn lemja fólk en mamma og pabbi voru fljót að draga okkur frá þeim aðstæðum og tala um eitthvað annað.

Mamma hætti að vilja fara með okkur Hanan til ömmu Söru og pabbi hafði miklar áhyggjur af ástandinu. Á kvöldin heyrði ég pabba og mömmu oft tala saman um hvað þau væru hrædd og stundum grétu þau líka. Við systurnar áttum erfitt með að sofna; á hverju kvöldi heyrðum við skothvelli, fólk að gráta og öskra úti á götu. Stundum heyrðum við sprengingar og þegar það gerðist kom oft rykmökkur yfir húsið okkar og við þurftum að loka öllum gluggum til að það fylltist ekki allt af ryki.



Út um gluggann heima hjá okkur var hægt að sjá hús sem voru alveg eyðilögð eftir sprengingar, oft vantaði hálf t húsíð eða það hafði hreinlega orðið að steypuhrúgu. Hanan skreið alltaf upp í hjá mér á kvöldin og stundum sofnuðum við saman grátandi á grúfu undir sænginni minni. Ég reyndi að róa Hanan með því að strjúka henni um ennið og segja henni söguna um Felis Silvestri sem amma Sara sagði okkur þegar við gistum stundum hjá henni. Felis Silvestri er skógarköttur sem er algengur í Sýrlandi. Kettirnir eru mun stærri en venjulegir heimiliskettir og þeir ráðast á fólk. Sagan hennar ömmu

var aftur á móti um góðan skógarkött sem verndaði fólkíð gegn öðrum skógarköttum. Það gat oft verið erfitt að róa litlu systur mína og hugga, því ég var svo hrædd sjálf. Stundum endaði það þannig að við sváfum öll fjölskyldan saman uppi í rúmi hjá mömmu og pabba.

Við reyndum að þola þetta og vonuðum það besta en von okkar dvínaði með hverjum deginum. Ástandið versnaði bara. Pabbi harðbannaði okkur að fara út úr húsi og sjálfur var hann hætstur að geta farið í vinnuna því hermennirnir voru búnir að loka fyrir höfnina.



Á endanum gáfust mamma og pabbi upp. Þau sögðu okkur systrunum að við myndum flytja til lands þar sem við gætum lifað áhyggjulausu lífi, lands þar sem væri framtíð fyrir okkur systurnar.

Ég man að á þessum tíma hafði ég aldrei ferðast neitt, ég hafði aldrei séð neitt annað en Aleppo. Þess vegna fannst mér það skrýtin tilhugsun að ætla að yfirgefa borgina. Ég hafði séð myndir frá öðrum löndum í bókum og sjónvarpi en ég var ánægð í Aleppo og þess vegna hafði ég aldrei hugsað neitt um að fara þaðan og hvað þá að yfirgefa borgina.

Með kvíðahnút í maganum ræddum við systur við mömmu og pabba, um það hvað væri í vændum, hverju við mættum eiga von á og af hverju við værum að fara.

Umræður og verkefni

1. Lýsið þeim breytingum sem urðu á lífi systranna í stríðinu.
2. Hvernig leið Amiru eftir að ljóst var að fjölskyldan þyrfti að flýja?
3. Hvert haldið þið að fjölskyldan fari?
4. Hvað ætli gerist næst í sögunni?

Upphaf ferðalags til Tyrklands

Ferðalagið hófst 5. febrúar. Ég man það svo vel því amma Sara átti afmæli daginn áður og við gátum hvorki knúsað hana til hamingju með afmælið né kvatt hana. Við máttum bara tala við hana í síma og það var erfitt. Við systurnar grétum báðar og amma var mjög leið líka.

Það eina sem við tókum með okkur var ein taska með fötum og nesti. Við Hanan vissum ekki hvert við værum að fara og í raun held ég að pabbi og mamma hafi ekki vitað það sjálf.

Við fórum með rútu til lands sem heitir Tyrkland. Þegar rútan var að keyra yfir landamærin inn í Tyrkland þurftu allir að fara út og sýna vegabréf. Pabbi var með vegabréf fyrir okkur öll. Í vegabréfi stendur nafnið manns, hvenær maður er fæddur og í hvaða landi og svo er mynd af manni. Hermennirnir vildu skoða vegabréfin okkar og skoðuðu vel myndirnar af okkur stelpunum og spurðu mömmu og pabba margra spurninga, svona eins og til að fullvissa sig um að það væru alveg örugglega við sem ættum vegabréfin.



Þegar hermennirnir höfðu skoðað vegabréf allra fengum við að halda áfram ferðinni. Ekki voru samt allir sem fengu það. Hermennirnir höfðu tekið eldri hjón út úr rúttunni til að tala betur við þau en svo komu þau ekki aftur inn þegar við keyrðum af stað. Við stoppuðum í bæ í Tyrklandi sem heitir Adana. Þar vildi pabbi að við gistum í nokkrar nætur áður en við héldum ferðalaginu áfram.

Við gistum á gistiheimili í Adana. Það var ekki góður staður, skítugur og það voru læti í fólki. En við Hanan eignuðumst vini í Adana. Það var gott að gleyma sér í leik með krökkunum og þótt við skildum ekki alltaf

hvert annað þá skipti það ekkert miklu máli. Við gátum stundum útskýrt með handa-hreyfingum en stundum var bara þögult samkomulag.

Eftir nokkrar vikur í Adana sagði pabbi að við þyrftum að fara í lest til Istanbúl sem er stór borg hinum megin í Tyrklandi. Þetta var ótrúlega erfið ferð, fólk talaði mjög hátt, svona eins og það væri að rífast. Hitinn í lestinni var óbærilegur, svitinn lak af hverri manneskju og litlu börnin grétu mikið. Ég reyndi að hafa ofan af fyrir sjálfri mér og Hanan með því að raula vísur og segja sögur. Okkur leið báðum betur við það, tíminn leið hraðar og það skildi eftir



notalega tilfinningu í hjartanu. Við þurftum einmitt á því að halda á þessum tíma. Við áttum hvergi heima og vissum ekkert hvert við værum að fara. Mér leið svolítið eins og ég svifi um í lausu lofti og væri að reyna að finna stað til að lenda.

Í Istanbúl reyndist erfitt að finna gististað fyrir okkur. Pabbi sagði suma hóteleigendurna vera lítið hrifna af Sýrlendingum. Þeir vildu ekki hafa okkur á hótelinu sínu því að Sýrlendingar væru þekktir fyrir slagsmál og rifrildi. Það fannst mér skrýtið því við systurnar erum bestu vinkonur og aldrei hef ég séð mömmu og pabba rífast. Pabbi sló á léttu strengi og sagði í gríni að eigendurnir hefðu bara aldrei kynnst alvöru Sýrlendingum. Svo glotti hann og blikkaði okkur systurnar. Það var alltaf svo góð

tilfinning þegar pabbi gat grínast í okkur Hanan og forðað okkur frá því að vera alltaf leiðar.

Eftir mikið hótélráp í Istanbúl héldum við aftur af stað með rútu til annars bæjar í Tyrklandi sem heitir Edirne. Við komum seint um kvöld til Edirne. Við systurnar vorum dauðþreyttar og svangar og á rútu-stöðinni var mikil ringulreið. Hermenn voru út um allt og mikið af æstu fólki. Við höfðum misst af rútu sem fór frá Edirne til Grikklands og því var ekkert annað í stöðinni en að ganga að landamærunum. Við gengum eftir stíg í skóginum. Ég leiddi Hanan og mömmu en pabbi hélt á töskunni. Þegar við höfðum gengið í dágóða stund stoppuðum við og borðuðum restina af nestinu okkar. Pabbi sagði að hann yrði að



skilja töskuna eftir, það væri svo löng ganga eftir og taskan of þung. Eftir að við kláruðum nestið klæddi mamma okkur systurnar í aðeins fleiri fót þótt okkur væri ekki kalt. En þar sem við þyrftum að skilja töskuna eftir yrðu þau fót sem við værum í einu fötin okkar í ferðinni.

Við vorum ekki búin að ganga lengi eftir nestispásuna þegar Hanan gafst upp. Pabbi tók hana þá í fangið og gekk áfram. Ég var orðin mjög þreytt líka en fann og vissi að það var ennþá svo langt eftir að ég yrði að harka af mér aðeins lengur. Við stoppuðum ört enda Hanan sofnuð í fanginu á pabba og ég orðin mjög þreytt. Síðasta spölinn hélt mamma á Hanan og ég var á hestbaki hjá pabba.



Umræður og verkefni

1. Hvað tók fjölskyldan með sér á flóttann?
2. Hvað mynduð þið taka með ykkur?
3. Hvað eru vegabréf og hvers vegna eru þau mikilvæg?
4. Af hverju ætli fjölskyldan hafi átt erfitt með að finna gististað?
5. Hvaða orð eða hugtak er notað um viðbrögð hóteleigendanna?
6. Reynið að útskýra hugtakið og nefnið dæmi eða kringumstæður sem lýsa því.

Vandamál á Grikklandi

Klukkan var orðin fimm um morguninn þegar við komum að landamærum Grikklands, örmagna eftir gönguna. Á landamærunum var sem betur fer rútustöð. Við vorum öll svo uppgefin að við hefðum ekki komist miklu lengra án þess að hvíla okkur og sofa. Á rútustöðinni gátum við hvílt okkur á bekk þar til næsta rúta til borgarinnar Þessalóníku í Grikklandi færi. Við stoppuðum ekkert í þeirri borg heldur fórum beint yfir í aðra rútu sem fór til höfuðborgarinnar Aþenu. Við vorum öll orðin mjög þreytt á þessu ferðalagi. Ég þráði ekkert heitar en að sofa

í rúmi, fá heitan mat og geta leikið mér með Hanan og öðrum krökkum. Ég saknaði ömmu Söru. Ég þráði að vita hvernig dagarnir framundan yrðu og ég saknaði heimilisins. Allt var í svo mikilli óvissu og óreglu.

Þegar við komum til Aþenu upplifðum við Hanan fordóma. Fordómar eru t.d. það þegar fólk dæmir annað fólk út frá útliti, trú eða hvaðan það kemur. Þegar við höfðum fundið okkur gististað og hvílt okkur eftir ferðalagið síðustu daga vildum við systurnar



komast út á leikvöll sem var hinum megin við götuna frá gistiheimilinu okkar. Á leikvöllinum var fullt af grískum krökkum með mæðrum sínum.

Þegar við systurnar komum hlaupandi á leikvöllinn, himinlifandi að sjá aðra krakka og yfir frelsinu að fá að leika við þau, þá brá okkur í brún. Mömmurnar ruku upp og kölluðu á börnin sín og sögðu að þau mættu ekki leika sér við okkur. Svo fóru þær af leikvöllinum með þau og við systurnar urðum einar eftir með mömmu. Mamma útskýrði þessa fordóma fyrir mér. Ég átti mjög erfitt með að skilja þetta því ég gat ekki

séð hvaða máli það skipti hvaðan fólk væri. Uppruni fólks getur ekki stjórnað því hvort fólk er gott eða vont, skemmtilegt eða leiðinlegt.

Við lentum líka aftur í vandræðum með næturgistingu. Það eina sem var í boði var lélegt húsnæði og við fengum bara að vera fáar nætur í einu á hverjum stað. Það þýddi að við vorum alltaf að skipta um gistað. Ég heyrði pabba oft segja við mömmu að þessi gistiheimili væru ekki börnum bjóðandi. En það var ekki auðvelt að finna næturstað svo pabbi og mamma urðu að sætta sig við þessi hreysi.





Þegar við höfðum verið í Aþenu í tvo mánuði voru peningarnir búnir. Nú gátum við ekki borgað fyrir gistaðni og ekki áttum við peninga fyrir mat heldur. Ég var farin að heyra mömmu gráta æ oft. Hún reyndi samt að láta ekki á því bera því hún vissi að það skapaði kvíðahnút í maganum á mér og ég fór oft að gráta með henni þegar það gerðist. Pabbi var kvíðinn yfir ástandinu líka og ég vaknaði stundum við það að hann var andvaka og bylti sér endalaust í rúminu. En þar sem við sváfum yfirleitt öll í sama rúmi á gistiheimilunum þá sá hann mig vakna og kúrði hjá mér. Ég hafði líka róandi áhrif á hann eins og Hanan systir. Ég sagði pabba hvað mér þætti vænt um hann og að

ég vissi að honum ætti eftir að takast ætluarverk sitt að komast með okkur á friðsælan og fallegan stað þar sem við yrðum hamingjusöm á ný. Ég strauk honum um ennið eins og Hanan þótti svo róandi og það róaði hann líka, svo sofnuðum við bæði.

Nú tók við enn erfiðari tími en áður. Pabbi reyndi að vinna til að eiga fyrir mat og gistingu. Stundum vann hann við að þrifa á gistiheimilunum, laga eitthvað sem var bilað eða fara sendiferðir.

Dag einn kom pabbi ekki heim eftir að hafa farið í sendiferð fyrir einn hóteleigandann svo mamma fór að spyrjast fyrir. Tveimur



dögum síðar komst hún að því að pabbi hafði verið handtekinn. Lögreglan í Aþenu vildi ekki leyfa honum að hringja eða hafa samband við neinn og því gat hann ekki sýnt vegabréfið sitt. Þegar mamma hafði fengið þessar upplýsingar dreif hún sig á lögreglustöðina með vegabréfið hans svo hann gæti sannað hver hann væri. Eftir mikið þras í lögreglunni var pabba loksins sleppt. Hann var allur marinn og blár. Lögreglumenn höfðu lamið pabba þegar hann reyndi að segja þeim að hann væri ekki með vegabréfið sitt á sér. Þeir virtust ekki skilja þegar hann reyndi að útskýra að konan hans gæti komið með það ef hann fengi að hringja í hana.

Svo kom að því að það var enginn gisti- staður laus sem sætti sig við vinnuframlag pabba til að borga gistinguna. Pabbi fór í kirkjuna en presturinn sagðist ekkert geta gert. Hann lét pabba fá teppi og benti honum á að hann gæti sofið í almenningsgarðinum sem lá við hlið kirkjunnar. Það breytti engu þótt pabbi útskýrði fyrir honum að hann væri með konu og tvær litlar dætur sínar með sér. Presturinn rétti bara pabba fleiri teppi og benti á almenningsgarðinn.




Hanan fór að gráta þegar hún heyrði að við ætluðum að sofa í garðinum. Ég reyndi að halda ró minni þótt ég væri mjög hrædd við að sofa þarna. Mamma fann fallest ólívutré sem við bjuggum um okkur undir. Við systurnar áttum mjög erfitt með að ró okkur niður enda útigangsfólk á rölti um garðinn. Sumir voru að skipta sér af okkur og sögðu að þetta væri þeirra svæði. Pabbi gat sem betur fer útskýrt málið, þetta yrðu ekki margar nætur. Við lágum þarna fjögur saman, eiginlega öll í einni hrúgu til að halda hita hvert á öðru. Mamma sagði okkur söguna af Felis Silvestri og ég strauk ennið á Hanan.

Á meðan við lágum þarna, litla fjölskyldan, þá tók ég eftir lykt. Það var lykt sem ég finn enn í dag er ég hugsa um næturnar sem við eyddum í garðinum. Þetta var svo mild og góð lykt, sambland af fullproskuðum ólívum af trénu og lavenderplöntunni sem óx villt í garðinum. Þessi lykt hjálpaði mér að setta mig við þessar skelfilegu aðstæður sem við vorum komin í. Taktfast engisprettuhljóðið í fjarlægð leiddi mig inn í svefn kvöld eftir kvöld.

Pabbi hafði eignast vin sem bjó í nágrenni við almenningsgarðinn. Hann var gamall maður sem hét Cato og kom í garðinn á

daginn til að spjalla við annað fólk. Ég man vel eftir þeim degi þegar Cato tók með sér landakort. Hann og pabbi veltu fyrir sér hvert væri best að fara eftir langa dvöl í Aþenu. Hvar gætum við fjölskyldan eignast gott líf aftur? Cato taldi að Norðurlöndin væru góður staður fyrir litlu fjölskylduna, því þar væru mannréttindi virt. Pabbi þurfti að útskýra þetta orð fyrir mér en hann sagði að mannréttindi þýddu að allar manneskjur hefðu sömu réttindi, rétt á að lifa í friði og hafa aðgang að mat og heimili. Pabba var mikið létt við að ræða þetta við Cato. Hann varð svo bjartsýnn og hófst strax handa við að ákveða hvert af Norðurlöndunum skyldi verða fyrir valinu og hvernig við kæmumst þangað.



Að lokum sagðist pabbi vera búinn að finna rétta landið fyrir okkur. Hann sagðist hafa lesið á netinu að Ísland tæki vel á móti flóttafólki og þangað ættum við að fara. Flóttafólk er fólk eins og við, sem getur ekki búið í landinu sínu vegna ófriðar eða annarra erfiðra aðstæðna og leitar að nýju landi.

Umræður og verkefni

1. Ræðið saman um það hvernig fordómar birtast í samfélaginu og hvað sé hægt að gera til að stemma stigu við þeim.
2. Setjið ykkur í spor systranna og reynið að ímynda ykkur hvernig þeim finnist sú tilhugsun að flytja til Íslands. Vinnið saman í pörum og farið í hlutverk Amiru og Hanan þar sem þær ræða saman um þá ákvörðun pabba þeirra að flytja alla leið til Íslands.
3. Amira ákveður að skrifa ömmu sinni og afa þar sem hún lýsir því sem á undan er gengið og segir frá hugleiðingum sínum um förina til Íslands. Skrifðið bréfið til ömmu Söru og afa Said fyrir hönd Amiru.
4. Skrifðið bréf til systranna. Gefið þeim góð ráð við komuna til Íslands og reynið að lýsa því hvað bíður þeirra hér. Nefnið til dæmis kosti og galla þess að búa á Íslandi og hverju þið mælið með að þær geri til að kynnst öðrum krökkum og aðlagast samfélaginu.



Kort sem sýnir þá leið sem fjölskyldan fór frá Sírlandi til Íslands.

Nýtt líf á Íslandi

Cato átti vin í Austurríki sem hann talaði við. Vinurinn vildi lána pabba fyrir flugferð fyrir okkur öll til Íslands sem pabbi myndi síðan endurgreiða honum þegar hann væri búinn að koma sér fyrir á Íslandi og kominn með vinnu.

Cato hafði útvegað pabba bækur og blöð til að fræðast meira um Ísland. Hann sagði okkur að á Íslandi væri kalt og oft vindur, á sumrin yrði hlýrra en samt ekki eins heitt og við værum vön. Einnig sá hann í bókunum að það kæmu stundum eldgos og jarðskjálftar á Íslandi. Okkur Hanan leist nú ekki vel á þetta með eldgosin og jarð-

skjálftana en pabbi útskýrði að ekkert væri að óttast, það væri mjög sjaldgæft að fólk slasaðist í þannig hamförum á Íslandi.


Þremur vikum síðar stigum við um borð í flugvél í fyrsta sinn. Flugvél sem átti að flytja okkur til Íslands, nýja landsins okkar. Þegar við lentum að kvöldi um miðjan ágústmánuð, var eins og ennþá væri hábjartur dagur. Okkur fannst þetta skrýtið því í Sírlandi og Grikklandi var alltaf orðið dimmt klukkan sjö á kvöldin. Seinna lærði ég það að á sumrin verður ekki myrkur á nóttinni á Íslandi.

Við vorum mjög glöð en jafnframt þreytt þegar við komum til Reykjavíkur. Við spurðum til vegar því pabbi vildi komast á lögreglustöð til að fá aðstoð við næstu skref okkar á Íslandi. Lögreglan í Reykjavík leyfði okkur að hvílast á lögreglustöðinni þar til lögreglustjórinn mætti til vinnu næsta morgun, enda vorum við ekki með neinn pening til að finna gististað og klukkan orðin margt.

Næsta dag var kallaður til túlkur sem skildi bæði arabísku og íslensku. Hann gat hjálpað okkur að skilja það sem lögreglan og starfsfólk Rauða krossins þurfti að útskýra fyrir okkur. Okkur var tekið vel hvert sem við fórum. Allir voru tilbúnir að hjálpa okkur og aðstoða.

Fyrstu mánuðina okkar á Íslandi þurftum við að búa á gistiheimili en gistiheimilið var draumi líkast miðað við það sem við höfðum upplifað á ferðalaginu okkar.

Í dag búum við í íbúð í Grafarvogi og íslenska ríkisstjórnin hefur veitt okkur dvalarleyfi. Eftir nokkur ár getum við svo sótt um íslenskan ríkisborgararétt. Við Hanan erum í grunnskóla eins og aðrir krakkar á okkar aldri og okkur hefur verið tekið afskaplega vel af krökkunum í skólanum. Við Hanan erum báðar orðnar mjög góðar í íslensku en erum þó alltaf að læra eitthvað nýtt. Það gengur hægar hjá mömmu og pabba að læra málið en þau hafa farið á námskeið og svo læra þau líka íslensku í vinnunni.





Við söknum Sýrlands, ömmu Söru og afa Said og hinna ættingjanna. Við söknum þess að tala sýrlensku við aðra krakka og við söknum veðursins. Við berum enn góðar tilfinningar til heimalandsins okkar. Við reynum að rifja upp og muna góðu stundirnar og góða fólkið sem var í kringum okkur þar. Við heyrum í ömmu Söru og afa Said á sunnudögum í gegnum netið. Þau segja ástandið ennþá mjög slæmt en að þau séu of gömul til að leggja svona langt ferðalag á sig og vilja vera áfram í Aleppo.

En þrátt fyrir að ég sé stolt af því að vera frá Sýrlandi þá er Ísland landið mitt.

Umræður og verkefni

1. Horfið á myndbandið „Vertu næs – myndband um fjölmenningu“ á heimasíðu Rauða krossins, www.raudikrossinn.is

Ræðið saman um það hvað hægt sé að gera til að stuðla að góðu samfélagi einstaklinga með ólíkan bakgrunn.

2. Hvernig mynduð þið taka á móti flóttafólki? Nú hafið þið fengið það verkefni að taka á móti fjölskyldu sem er á flóttu frá Sýrlandi. Útbúið minnisblað um það sem þarf að hafa í huga þegar þið takið á móti fólkinu.
3. Kynnið ykkur fleiri hjálparamtök sem styðja við fólk á flóttu.

Flóttafólk á Íslandi

Hvort sem flóttafólk kemur til Íslands sem kvótaflóttafólk eða hælisleitendur fær það fjárhagsaðstoð fyrst um sinn hjá sveitarfélaginu þar sem það býr. Sveitarfélagið styrkir fólk til að greiða fyrir leiguhúsnæði, stunda íslenskunám og fá sálfræðiaðstoð. Öllu flóttafólki býðst einnig að taka þátt í verkefnum á vegum Rauða krossins.

Útlendingastofnun afgreiðir allar umsóknir um dvalarleyfi. Þegar einstaklingur hefur sótt um alþjóðlega vernd fær hann stundum synjun og er þá ekki skilgreindur sem flóttamaður. Ef einstaklingi er veitt dvalarleyfi þá fær hann viðurkenningu á því að vera skilgreindur flóttamaður með þeim réttindum sem fylgja samkvæmt lögum.

Kvótaflóttafólk: Það flóttafólk sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna óskar eftir að þjóðir heims taki á móti vegna stríðsástands í heimalandi þeirra. Hugtakið er notað um flóttamenn sem koma til ríkis á vegum stjórnvalda. Það fólk þarf ekki að ganga í gegnum sama ferli og málsmeðferð sem umsækjendur um alþjóðlega vernd þurfa að gera.

Hælisleitendur: Hælisleitandi er sá sem sækir um hæli utan síns eigin ríkis og er að biðja um alþjóðlega vernd og viðurkennda stöðu flóttamanns. Ef stjórnvöld fallast á réttmæti umsóknar fær einstaklingurinn stöðu flóttamanns en það hugtak er skilgreint í lögum og Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna sem Ísland er aðili að.



Móttaka kvótaflóttafólks á Íslandi

Þeir sem sjá um móttöku á flóttafólki hér á landi eru stjórnvöld, Rauði krossinn og það sveitarfélag sem tekur að sér að hýsa fólkið. Þegar búið er að ákveða hvaðan fólkið kemur samræmir Landsskrifstofa Rauða krossins allt starfið, skipuleggur komu flóttafólksins til landsins.

Finna þarf sveitarfélag sem vill taka á móti fólkinu og bjóða því að vera. Verkefnið er síðan kynnt fyrir íbúum bæjarins og sveitarfélagið útvegar húsnæði fyrir fólkið sem er væntanlegt.

Rauða kross deildin kaupir og safnar húsgögnum, húsbúnaði og fatnaði og fjölskyldan fær leiðsögumenn sem aðstoða hana við að mynda

vináttutengsl og aðlagast nýju samfélagi. Sveitarfélagið veitir fólkinu heilbrigðis-, félags- og sálfræðipjónustu, býður því íslenskukennslu og skipuleggur einnig skóla- og dagvistarmál.

Fjöldi fólks kemur að þessari vinnu og leggur mikið á sig við að taka sem best á móti flóttafólkinu. Mikilvægt er að móttaka flóttamanna sé vel skipulögð og vönduð enda hefur fólkið oft gengið í gegnum miklar hörmungar, fyrir utan það að hafa orðið að yfirgefa land sitt, heimili, skyldfólk og vini.



Sýrlenskir flóttamenn koma til Íslands.

Umræður og verkefni

1. Hver eru réttindi flóttafólks í nýju landi?
2. Ef það væri samnemandi í þínum bekk, sem flúið hefur heimkynni sín, hvað gætuð þið gert til að honum liði betur á Íslandi?
3. Hvað getur þú gert til að hjálpa flóttafólki í framtíðinni?
4. Stundum er talað um að fagna fjölbreytileikanum. Hvað merkir það?

Góð ráð við lestur námsbóka!

Kæri nemandi

Allir námsmenn þurfa að temja sér góðar námsvenjur. Hér eru góð ráð sem gætu hjálpað þér við lestur.

Áður en þú byrjar lesturinn

- Skoðaðu bókina vel, myndir, kort og gröf. Um hvað fjallar bókin? Hvað veist þú um efnið?
- Lestu efnisyfirlit og kaflaheiti.

Á meðan þú lest

- Finndu aðalatriðin. Stundum er gott að skrifa hjá sér minnispunkta.
- Spurðu um það sem þú skilur ekki, til dæmis orð og orðasambönd.

Eftir lesturinn

- Veltu fyrir þér aðalatriðum og hvaða atriði skipta minna máli.
- Lestu textann aftur.
- Rifjaðu upp það sem þú last, hugsaðu um hvað þú hefur lært og reyndu að endursegja með eigin orðum.

Myndaskrá ©

Morgunblaðið/Eggert 31, 32

Shutterstock, kápa, 1, 2, 4, 5, 6, 7, 8-9, 11, 12

Wikipedia 3



Fólk á flóttu

Í þemaheftinu *Fólk á flóttu* er leitast við að varpa ljósi á stöðu flóttafólks á 21. öldinni. Kjarni heftisins er saga af flóttu fjölskyldu frá Sýrlandi til Íslands. Sagan er skáldsaga en byggð á raunverulegri frásögn. Málefni flóttafólks eru til skoðunar í þessu þemahefti og nemendur velta fyrir sér ýmsum spurningum eins og: Hvaðan koma flóttamenn? Hvert fara þeir og hvernig? Hvað taka þeir með sér? Hvernig flytur fólk á milli landa? Þeir sem hafa þurft að flytja vegna stríðsátaka eru skoðaðir sérstaklega svo og lífið í flóttamannabúðum. Hvaða hugtök eru notuð í tengslum við flóttafólk og hvaða mannúðarsamtök styðja við fólk? Leitast er við að svara þessum spurningum í þemaheftinu og nemendur eru hvattir til að skoða málefnið frá ólíkum sjónarhornum. Markmiðið er að nemendur verði betur upplýstir um málefni flóttamanna í nútímanum.

m MENNTAMÁLASTOFNUN

40188

